

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga

13. fundur í samstarfsnefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, mánudaginn 14. febrúar 2022, kl. 16:00.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson formaður. Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason. Einnig sátu fundinn Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar. Róbert Ragnarsson ráðgjafi og Freyja Siggeirsdóttir í fjarfundarsambandi. Björn S. Lárusson skrifstofustjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá

Formaður setti fund og kynnti dagskrá.

1. Áhersluatriði / samtal við ríkið
2. Tillaga að ráðstöfun fjárframlags jöfnunarsjóðs – áætlað 540 milljónir króna
3. Fjallskil – framhaldsumræða
4. Kynningarmálin – staða mála og næstu skref
5. Næsti fundur
6. Önnur mál

Fundargerð

1. Áhersluatriði / samtal við ríkið

Samgöngumál, Atvinnuþróun og nýsköpun, Raforkumál, Heilbrigðismál. Áhersluþættir; Naust, raforkuöryggi og hringtenging, klasa- og þróunarverkefni (Fontur), vegagerð, fráveitumál.

2. Tillaga að ráðstöfun fjárframlags jöfnunarsjóðs – áætlað 540 milljónir króna

Framlag Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar sveitgarfélaganna má nota til að lækka skuldir, bæta þjónustu við íbúa og auka svigrúm til fjárfestinga. Að óbreyttu verður svigrúm sveitarfélaganna til fjárfestinga, utan viðalds íþróttamiðstöðvar takmarkað.

3. Fjallskil – framhaldsumræða

Fyrir liggur tillaga um óbreytt fyrirkomulag árið 2022 og að landbúnaðarnefnd verði falið að yfirfara fjallskilamál í nýju sveitarfélagi og skila tillögum til sveitarstjórn um framtíðar fyrirkomulag fjallskilamála eigi síðar en 1. apríl.

Umræður um ýmsar lausnir varðandi fjallskil; deildarskiptingu, óbreytt ástand, sitt hvort landgjaldið eða sitt hvort fjallskilagjald eða sameiginleg gjöld fyrir sameiginleg sveitarfélag. Samráð verði haft við búnaðarfélög sveitarfélaganna.

Nefndarmenn komi með tillögu að texta fyrir næsta fund í viðbót við það sem fyrir er eða sjálfstæðan texta.

4. Kynningarmálin – staða mála og næstu skref

Jónas, Björn og Róbert ræða næstu skref í kynningarmálum.

5. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 21. febrúar kl. 16:00

Fundi slitið kl. 17:45